

Föstudaginn 9. apríl 1965.

Nr. 66/1965. **María Kristmundsdóttir**
 gegn
Sigmundi M. Andræssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. marz 1965 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Reykjavíkur, er upp var kveðinn 15. marz sama ár. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa til Hæstaréttar, sbr. c-lið 2. töluliðs 21. gr. laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti. Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 15. marz 1965.

Í skiptaréttarmáli þessu hefur sóknaraðilinn, Sigmundur M. Andræsson, Gnoðarvogi 36, krafizt þess, að uppskriftargerð, sem fór fram í félagsbúi hans og Maríu Kristmundsdóttur, verði tekin upp og eignaliður nr. III í uppskriftinni, þ. e. Geisli s/f að hálfu, verði metinn að nýju og þá haft tillit til skulda, er hvíldu á þeim eignarlið. Hann hefur krafizt málskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili, María Kristmundsdóttir, Rauðagerði 10, hefur krafizt þess, að kröfum sóknaraðilja verði hrundið og að honum verði úrskurðað að greiða sér málskostnað.

Var mál þetta tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum flutningi, sem fram fór 4. þ. mán.

Það hefur komið fram í máli þessu, að þau María Kristmundsdóttir og Sigmundur Magnús Andrésson gengu að eigast á árinu 1958. Þau slitu samvistir 3. ágúst 1963 og hafa nú fengið leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

Uppskrift á eignum bús þeirra fór fram dagana 16. og 24. október 1963. Við uppskriftina var m. a. bent á hálfyrirtækið Geisla s/f, en eigandi hins helmings er bókaður Ævar Jóhannesson, búsettur í Kópavogi. Í uppskriftinni 16. október 1963 er svo til orða tekið, að eignaliður III, hluti í Geisla s/f, sé ekki virtur, að svo stöddu, en vottunum falið að virða þá eign og taka sér sérfróða aðstoð, ef með þurfi.

Það liggur fyrir í máli þessu, að tilkynning til firmaskrár Reykjavíkur um firmað Geisla er dagsett 7. marz 1961, og segir þar, að Sigmundur Andrésson, Skaftahlíð 18, annist teikningu og gerð bíóauglýsinga og önnur skyld störf í Reykjavík undir nafninu Geisli. Þá er og síðari tilkynning, dagsett 11. september 1963, þess efnis, að Ævar Jóhannesson hafi hinn 1. janúar 1962 gengið inn í fyrirtæki þetta sem fullábyrgur félagi, og bættist „s/f“ við firmanafnið.

Í framhaldi af uppskriftinni 16. október 1963 er svo bókað hinn 24. sama mánaðar, að vottarnir Skapti Ólafsson og Ingólfur Sigurz hafi lokið virðingu á eignalið III, Geisla s/f, og sé hann virtur á 60.000.00 krónur, en þessi tala er ekki sundurliðuð eða neitt farið út í, „hvernig hún er fengin. Um uppskriftina í heild vísast til rskj. nr. 4.

Á s.l. ári kom fram sú krafa af hálfu Maríu Kristmundsdóttur, að Geisli s/f yrði tekið til skiptameðferðar með eignum og skuldum félagsbús hennar og Sigmundar M. Andréssonar, en til vara var þess krafizt, að Sigmundi yrði úrskurðað skylt að standa félagsbúinu skil á kr. 60.000.00 vegna eignar þess í félagsbúi þessu og á kr. 120.000.00 peningaláni til þess, enda beri félagsbúið enga ábyrgð á skuldum félagsins. Þessum kröfum var mótmælt af hálfu Sigmundar, og var um ágreining þenna rekið sérstakt skiptaréttarmál. Með úrskurði, uppkveðnum 30. júlí 1964, var þessum kröfum hrundið. Úrskurður þessi hefur verið lagður fram í málinu sem rskj. nr. 3. Var talið, að fyrirtæki þetta yrði að teljast hjúskapareign Sigmundar og bæri María Kristmundsdóttir ekki ábyrgð á skuldum þess, enda hefði hún ekki tekið á sig sérstaklega neina slíka ábyrgð, og þar eð

Geisli s/f væri sjálfstæð persóna að lögum og auk þess væri Sigmundur ekki einn aðili að rekstri þess, var framan- greindri aðalkröfu hafnað. Varakröfunni var og hafnað, vegna þess að skiptaréttur hefði ekki vald til að úrskurða um greiðslu- skyldu til búsins. Þessum úrskurði hefur ekki verið skotið til Hæstaréttar.

Á skiptafundi í búi hjóna þessara hefur komið fram sú krafa af hálfu Sigmundar M. Andrússonar, að fram færi endurupp- taka á uppskrift þessari, varðandi Geisla s/f, og er María Krist- mundsdóttir mótmælti þeirri kröfu, hefur skiptaréttarmál þetta verið höfðað.

Vottar og virðingarmenn þeir, sem störfuðu að uppskriftinni, þeir Skapti Ólafsson, Mánagötu 24, og Ingólfur Sigurz, Hvassa- leiti 8, mættu sem vitni í skiptaréttinum hinn 17. desember 1964. Skapti skýrði svo frá, að matið hafi farið þannig fram, að þeir félagar hafi metið alla þá muni, áhöld og efni, sem þeim hafi verið vísað til af Sigmundi M. Andrússyni og sameignar- manni hans, en ekki annað, t. d. ekki firmanafn, og á skuldir fyrirtækisins hafi ekkert verið minnzt. Aðrir hafi ekki verið viðstaddir en Sigmundur og félagi hans og engin reikningsskil hafi verið sýnd. Ingólfur Sigurz skýrir frá á sama hátt og segir að auki, að Sigmundur hafi haft orð fyrir þeim Ævari og gefið ýmsar upplýsingar um verðmæti, en engin skilríki þar að lút- andi hafi hann haft við höndina. Báðir matsmennirnir töldu sig hafa farið þannig að, að niðurstaða matsins hafi svarað til þess, er þeir voru beðnir að meta, að því tilskildu að framvísunin hafi verið rétt.

Nú segir sóknaraðili, að samkvæmt þessari matsgerð verði ekki séð, hve mikils virði fyrirtækið Geisli s/f sé búi aðiljanna, matsgerðin segi ekkert um það, hvernig talan 60.000.00 krónur fé fengin. Aðeins hafi verið metnar framvísaðar eignir, en ekkert spurzt fyrir um skuldir og hagur fyrirtækisins með öllu látinn óathugaður. Þessi mistök verði að leiðrétta, svo rétt heildar- mynd fái af hag búsins, en það verði ekki gert, nema með endurupptöku á uppskriftinni. Að vísu megi segja, að heldur seint sé í þetta ráðizt, en á það sé að líta, að umboðsmenn aðilja hafi ekki verið viðstaddir, og lengi vel hafi ekkert verið kunn- ugt um aðferð þá, sem viðhöfð var við uppskriftina og sem að framan er lýst. En þó ætti þetta ekki að vera vandkvæðum bund- ið, þegar á það sé litið, að þegar sé búið að meta tæki, en skuldir

megi finna með aðstoð endurskoðanda fyrirtækisins. Firmanafn (goodwill) megi einnig meta.

Varnaraðili telur, að ný matsgerð sé óframkvæmanleg nú orðin, þar sem um sé að ræða viðskiptafirma með breytilegum vörubirgðum og breytilegri hagnaðaraðstöðu. Sóknaraðili hafi sjálfur framvísað eignum til matsins og verið frá fyrstu hendi og upphafi kunnugt um það, hvernig matsgerðin var framkvæmd, en hann hafi þagað við því í heilt ár og virzt algerlega ánægður með hana. En honum hafi verið innan handar að biðja um yfirmat. Þá bendir varnaraðili á það, að farið hafi verið fram á, að Geisli yrði tekinn til skipta með eignum og skuldum félagsbúsins, en þeirri kröfu hafi verið hrundið af skiptaréttinum með úrskurði 30. júlí 1964, og hafi sóknaraðili lagzt gegn henni. En hefði sú krafa náð fram að ganga, hefðu eignir og skuldir fyrirtækisins komið fram, eins og sóknaraðili vilji nú stofna til.

Það hefur komið fram í máli þessu, að við uppskriftargerð í búinu voru aðeins virtar framvísaðar eignir fyrirtækisins Geisla s/f, en firmanafn ekki metið og ekkert tillit haft til skulda þeirra, sem á fyrirtækinu hvíldu á þeim tíma, er uppskrift fór fram. Nauðsyn þykir bera til þess við búskipti þessi, að fram komi sem gleggst hagar fyrirtækis þessa og hvers virði það er búinu. Með því að hafnað hefur verið þeirri kröfu, að Geisli s/f verði tekið til skiptameðferðar með búi þessu, þykir verða að fallast á þá kröfu sóknaraðilja, að uppskriftin verði tekin upp að þessu leyti, og verði þá jafnframt metið firmanafn og fullt tillit haft til áhvílandi skulda á fyrirtækinu, en áhöld og efni og þess háttar hefur þegar verið virt.

Málkostnaður í skiptaréttarmáli þessu verður látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Uppskriftargerð á búi þessu skal tekin upp, að því er varðar fyrirtækið Geisla s/f, og verði þá haft tillit til verðmætis firmanafns og til skulda, áhvílandi fyrirtæki þessu.

Málkostnaður fellur niður.